



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík

sími: 545 8400 postur@for.is

forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2022

Tilv.: FOR22110099/2.4.1

Efni: Ósk um tilnefningu í Sjálfbærniráð

Mikilvæg viðfangsefni nútímans á borð við sjálfbæra þróun, velsæld og réttlát umskipti krefjast víðtækrar samvinnu meðal stjórnvalda og við samstarfsaðila. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á þessi viðfangsefni og í forsetaúrskurði er forsætisráðuneytinu falin samhæfing þeirra.

Til að setja þessi mál í forgang hefur forsætisráðuneytið sett á fót samstarfsvettvanginn Sjálfbært Ísland. Unnið hefur verið að undirbúningi verkefnisins um allnokkuð skeið í nánú samstarfi við önnur ráðuneyti og samráð verið haft við ýmsa aðila, s.s. sveitarfélög og félagasamtök.

Hlutverk Sjálfbærs Íslands verður að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Heimsmarkmiðunum) og velsældaráherslum ríkisstjórnarinnar. Jafnframt mun Sjálfbært Ísland vinna að því að réttlát umskipti á öllum sviðum samfélagsins séu leiðarljós í allri stefnumótun og aðgerðum.

Verkefnastofu Sjálfbærs Íslands er stýrt af 13 manna stýrihópi sem ráðuneytin tólf og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna. Fulltrúi forsætisráðuneytisins er formaður.

Til þess að tryggja víðtækt samstarf um málefnið verður stofnað Sjálfbærniráð, sem skipað verður með eftirfarandi hætti:

- Forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður ráðsins
- Aðrir ráðherrar
- Stýrihópur verkefnastofu Sjálfbærs Íslands
- Fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaganna
- Fulltrúar atvinnugreinasamtakanna
- Fulltrúar launafólks
- Fulltrúar þingflokka á Alþingi
- Fulltrúar frjálsra félagasamtaka

Gert er ráð fyrir því að Sjálfbærniráð muni funda tvisvar til þrisvar árlega.

Framkvæmdahópur Sjálfbærs Íslands er teymi sérfræðinga sem starfar í umboði stýrihópsins að þeim verkefnum sem Sjálfbæru Íslandi eru falin. Leiðtogi um sjálfbæra þróun er starfsmaður forsætisráðuneytisins og leiðir framkvæmdahópin.

Sjálfbært Ísland mun m.a.:

- Móta stefnu Íslands um sjálfbæra þróun.
- Þróa, samræma og rýna mælikvarða um sjálfbærni, þ.á m. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Velsældarvísa.
- Efla þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra þróun, þ.á.m. á norrænum vettvangi, í Evrópusamstarfi og meðal Sameinuðu þjóðanna.
- Efla samráð og samhæfingu hins opinbera við sveitarfélögin, atvinnulífið, aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök.
- Kynna framgang og árangur í sjálfbærri þróun til stjórnvalda, samstarfsaðila og almennings.

Forsætisráðuneytið óskar hér með eftir tilnefningu eins fulltrúa og eins til vara til setu í Sjálfbærniráði. Viðkomandi fulltrúi verði jafnframt tengiliður við Sjálfbært Ísland. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir setu í Sjálfbærniráði.

Ráðuneytið vekur athygli á 2. mgr. 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna þar sem m.a. er kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Óskað er eftir því að tilnefningar berist ráðuneytinu svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 23. nóvember. Stofnfundur Sjálfbærniráðs verður haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu fimmtudaginn 1. desember klukkan 14:00.

Fyrir hönd ráðherra

